

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 6. febrúar klukkan 17:00, Síðumúli 15.

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir (ritaði fundinn), Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Dagskrá

Erindi afgreidd milli funda:

Formaður sendi fyrir hönd stjórnar HRFÍ erindi á DÍ, Dýrlæknafélag Íslands, þar sem óskað var eftir samstarfi við menntun og framkvæmd á BOAS prófum fyrir stuttnefja hundategundir.

Úr bréfi formanns: „*Stjórn Hundaræktarfélag Íslands vill stuðla að heilbrigði í ræktun stuttnefja hundategunda, (e. brachycephalic breeds), með því að taka upp svokallað BOAS próf, (e. brachycephalic obstructive airway syndrome) sem þróað var m.a. í Englandi af dr. Jane Ladlow. Brachycephalic obstructive airway syndrome er hugtak sem gefið er yfir áhrif þess sem stutt höfuð þessara dýra hefur á leið lofts um efri öndunarveg. Einkennin geta verið breytileg að alvarleika, allt frá vægum hrotum eða hrothljóðum til alvarlegra öndunarörðugleika. Dýr sem þjást af klínískt alvarlegum BOAS einkennum geta átt í erfiðleikum með að anda meðan á þjálfun stendur og geta fallið í yfirlið vegna skorts á lofti. Það að reiða sig á öndun til að kæla sig gerir dýrum sem þjást af BOAS mjög viðkvæm fyrir ofhitnun og fá hugsanlega mjög alvarlega öndunarerfiðleika við heitar aðstæður.*“

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður DÍ, svaraði erindi stjórnar HRFÍ og haldinn var fundur á teams þann 30. janúar. Fundinn sátu fyrir hönd stjórnar HRFÍ, Daníel Örn og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Fulltrúar DÍ voru þær Bára Eyfjörð Heimisdóttir, Agnes Helga Martin, Hanna María Arnórsdóttir, Líska Bjarnadóttir, Elísabet og Aðalbjörg. Þann 27. janúar síðastliðinn barst formanni erindi frá framkvæmdastjóra FCI sem sagði frá fyrirlestri og námskeiði sem NKK stendur fyrir í júní 2023 með dr. Jane Ladlow þar sem hverju aðildarlandi gefst kostur á að senda að hámarki fimm fulltrúa til þátttöku, mælst er til þess að það séu dýralæknar. HRFÍ bauðst til að styrkja tvo dýralækna til námsins en það er stefna stjórnar að gera BOAS prófun að kröfu fyrir undaneldi í tegundunum frönskum Bulldog, Enskum Bulldog og Pug. Dýralæknarnir sýndu jákvæð viðbrögð en komu á framfæri frekari áhyggjum sínum af Frönskum Bulldog sérstaklega. Hemivertebrae, vansköpun í hryggjarlið, er algeng í tegundinni, hvort sem er hjá innfluttum hundum eða hundum fæddum á Íslandi. Hnéskeljalos er mikið vandamál hjá þessum tegundum. Dýralæknar óska eftir að hafa meiri tilkynningarskyldu til félagsins. Ýmsar aðgerðir er verið að gera sem eru mögulega ekki sjáanlegar en leiðrétting á arfgengum göllum engu að

síður, sem dæmi aðgerðir á koki, augum, tannréttingar. Þá kom upp hugmynd að hafa starfandi fagrað dýralækna innan HRFÍ. Dýralæknafélag Íslands gæti verið tengiliður milli dýralækna og HRFÍ.

Tengiliður French Bulldog hefur óskað eftir að stofnaður verði starfshópur innan HRFÍ vegna innleiðingar BOAS prófanna. Stjórn fagnar því og mun skipa aðila í starfshópinn. Stjórn telur eðlilegt að fulltrúi stjórnar Smáhundadeildar sé þátttakandi í vinnu sem varðar velferð tegundar innan deildarinnar.

Erindi frá skrifstofu

Skrifstofa félagsins óskaði eftir aðstoð við ættbókarskráningu á goti undan feðginum. Í reglum um skráningu í ættbók er ekkert sem útilokar ættbókarskráningu á slíkum gotum en eigendur tíka og rakka sem koma að slíkri þörun gerast brotlegir við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Stjórn HRFÍ óskaði eftir upplýsingum frá NKU löndunum og óskað var eftir álitum vísindanefndar HRFÍ. Svör frá fulltrúum NKU-landanna voru öll á þá leið að got undan föður og dóttur, móður og syni, væru ættbókarfærð. Þá var í helmingi tilfella farið fram á ræktunarbann og eru viðurlög brota á grundvallarreglum félagsmanna misjöfn milli félaga, allt frá fjársektum til útilokunar frá starfi félagsins.

Í afgreiðslu/álitum vísindanefndar segir:

„Allir einstaklingar í gotinu skuli settir í ræktunarbann. Eigendur úr gotinu geti sótt um undanþágu til stjórnar frá ræktunarbanni á fyrirfram samþykktum gotum með eftirfarandi skilyrðum:

- *Allir lifandi hvolpar úr gotinu hafi uppfyllt þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til ræktunar á tegundinni.*
- *Enginn hvolpur úr gotinu hafi drepist eða verið felldur vegna arfgengra heilsufarsgalla.*
- *Aðeins séu samþykktar paranir þar sem dregið er verulega úr skyldleikastuðli og honum náð undir 20% í afskvæmum, útreikningar miðist við að lágmarki 10 kynslóðir og séu staðfestir af vísindanefnd.*

Vísindanefnd hvetur þá eigendur sem eiga hvolpa í gotinu til þess að fræðast um innræktun og matadoraræktun þar sem langtímaverkefni er að ná niður skyldleikastuðli komandi kynslóða.“

Stjórn er sammála um það gotið skuli ættbókarfært, enda er ekkert í reglum um skráningu í ættbók sem útilokar skráningu í ættbók.

Heilbrigðisniðurstöður foreldra liggja fyrir og eru án athugasemda.

Í reglum um skráningu í ættbók um Undaneldi, gr.5.1., segir, „Stjórn HRFÍ getur svipt eiganda/réttihafa hunds rétti til undaneldis hans eða sett skilyrði fyrir notkun hans til ræktunar.“ Stjórn tekur undir álit vísindanefndar að gotið skuli sett í ræktunarbann, enda er skyldleikaprósentu gotsins mun hærri en

æskilegt er og mun hærri en gerist í pörunum sem þessum. Stjórn féllst á þau skilyrði sem vísindanefnd tiltekur í afgreiðslu sinni.

Félagsmönnum ber samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ að para ekki alsystkin, föður með dóttur eða móður með syni. Atvikið brýtur því gegn reglum HRFÍ og verður kært til síðanefndar. Viðurlög sem síðanefnd getur beitt vegna brota má sjá í gr. 28 í lögum Hundaræktarfélags Íslands.

NKU fundur

Fundur Nordisk Kennel Union-NKU verður haldinn 27. - 28. mars næstkomandi í Kaupmannahöfn. Framkvæmdastjórafundur verður haldinn þann 27. mars og NKU fundurinn 28. mars. Til að samnýta ferðir verður fundur með tölvufræðingum DKK varðandi innleiðingu okkar á tölvukerfi DKK að morgni 27. mars. Guðný Rut framkvæmdastjóri HRFÍ mun sækja fundina og hefur óskað eftir að Silja Ösp sitji fundinn með tölvufræðingum DKK. Erna Sigríður, ritari NKU, mun sömuleiðis sitja fundina og rita. Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður félagsins, mun fara fyrir hönd stjórnar og stýra NKU fundinum. Ísland fer með formennsku í NKU fram til 2024.

Erindi frá félagmönnum

Á síðasta aðalfundi HRFÍ var nýkjörinni stjórn félagsins falið að taka afstöðu til erindis félagsmanna þar sem óskað var eftir að stjórn samþykki kröfu um að DNA niðurstöður fylgi úr foreldrum í umsóttu goti. Segir í fundargerð aðalfundar HRFÍ:

„Stjórn HRFÍ er falið að uppfæra reglur um skráningu í ættbók á þann veg að við ættbókarskráningu skuli fylgja staðfesting á erfðagrunni DNA beggja foreldra. Sýni skulu tekin af dýralækni sem áframsendir þau á rannsóknarstofu sem félagið viðurkennir.“

Formaður hefur verið í samskiptum við MATÍS varðandi verð og tímaramma fyrir slíka framkvæmd. Hundavefur getur haldið utanum gögnin. Með því að eiga gagnagrunn er hægt að sannreyna réttmæti ættbóka með þessum hætti.

Starfsemi ræktunardeilda

Ræktunardeildir og svæðafélög skulu halda ársfundi sína á tímabilinu 1. janúar til 31. mars ár hvert og skila samhljóða skýrslum til stjórnar HRFÍ. Úr starfsreglum ræktunardeilda: **„Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars.** Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ og heimasíðu deildarinnar (Facebook-síðu). Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn

deildarinnar eða stjórn HRFÍ kýs að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag skulu leggja fram rekstrar- og efnahagsyfirlit og fjárhagsáætlun eftir því sem við á, á ársfundi deildarinnar. **Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.** Þá skal í þessu samhengi minna á að í starfsreglum ræktunardeilda kemur fram hverjir hafa kjörgengi á ársfundum ræktunardeilda og hvert starfssvið ræktunardeilda er.

Stjórn HRFÍ hvetur stjórnir ræktunardeilda til að kynna fyrir deildarmeðlimum gildandi reglur um skráningu í ættbók fyrir þau hundakyn sem tilheyra viðkomandi deild.

Spitshundadeild hefur verið óstarfrækt í síðan 2018. Fyrir liggur að skoða þarf framtíð deildarinnar.

Erindi frá Vinnhundadeild

Erindi barst stjórn HRFÍ frá stjórn Vinnuhundadeildar.

Erindið varðar um sérákvæði um sýningarreglur fyrir vinnuhunda, í sýningarreglum HRFÍ þar sem m.a. taldar eru upp lámarskröfur úr vinnuhundaprófum. Núgildandi reglur eru þannig að hundar þurfa að hafa viðurkennt Sporleitarpróf og Bronsmerki í hlýðni.

Þessar reglur voru á sínum tíma ætlaðar sem sem viss aðlögun og þeim yrði síðar breytt eftir tvö til fimm ár. Mörg ár eru nú liðin síðan þessar reglur voru settar og hvert ár ræðum við fyrir aðalfund Vinnuhundadeildar að komin sé tími til breytinga til samræmis við kröfur annara Norðurlanda og einnig horfum við til veiðihunda sem þurfa að standast ákveðnar gæðakröfur. Bronspróf í hlýðni er einungis æfingapróf í þeim löndum sem við berum okkur saman við og því ekki sem slíkt viðurkennt próf.

Stjórn Vinnuhundadeildar hvetur stjórn HRFÍ að breyta sýningareglum um vinnuhunda svohljóðandi:

Þar sem stendur *Sporapróf* – verði breytt í 1. einkunn í Sporaprófi I

Þar sem stendur *Bronspróf* verði breytt í 1. einkunn í Hlýðni I*

Frá því að fyrri reglur voru settar eru fleiri hlýðni- og sporapróf haldin á vegum HRFÍ. Auk þess er auðveldara að sækja sér aðstoð í þjálfun í gegnum netið og fjölmörg námskeið eru í boði um allt land. Stjórn Vinnuhundadeildar sér því ekkert til fyrirstöðu að kröfur séu uppfærðar eins og stefnt var að í upphafi þegar sérákvæði um vinnuhunda voru sett.

Stjórn Vinnuhundadeildar sér þá leið að þeir hundar sem nú þegar hafa verið skráðir í vinnuhundaflokk fái áfram að keppa í þeim flokki en þessar uppfærðu kröfur verði settar á sem fyrst.

Önnur mál

Framkvæmdir á Melabraut

Framkvæmdir eru í fullum gangi í nýju húsnæði félagsins og ganga vel. Vel hefur gengið að vinna eftir fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun og er verkið á kostnaðaráætlun.

Fundi verður slitið klukkan 19:00.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 20. febrúar næstkomandi.